


Skýrsla stjórnar til aðalfundar Hvanneyrarbúsins ehf. 27. ágúst 2019

Frá síðasta aðalfundi félagsins hafa verið haldnir tveir formlegir stjórnarfundir, 19. janúar 2019 og 28. maí 2019

Formaður félagsins er Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárerfðafræðingur og bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði. Aðrir stjórnarmenn eru Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, námsbrautarstjóri búfræðibrautar skólans og Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlið. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Hafþór Finnbogason. Fundargerðir stjórnarfunda, ársreikningar og skýrslur stjórnar eru birtar á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, lbhi.is. Milli funda hafa stjórnarmenn og bústjóri átt í samskiptum vegna málefna sem varða félagið, rekstur þess, stefnu og framtíðarhorfur.

Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Tölur frá fyrra ári eru í sviga. Innlögð mjólk árið 2018 var 544.883 lítrar (540.994) með 4,01% fitu (3,85%) og 3,26% próteini (3,18%), mfm líftölu var 14 (19) og mfm frumutölu 123 (169). Hlutfall fitu og próteins hækkaði nokkuð frá fyrra ári, en líftala og frumutala lækkuðu frá árinu á undan, þannig að heilt yfir er þróun mjólkurgæða mjög jákvæð. Árskýr á búinu voru 72,2 (73,1) sem að meðaltali skiluðu 8.289 (8.180) kg mjólkur, með 4,06% fitu (3,79%) og 3,32% próteini (3,23%). Búið er hið 4. (6.) afurðahæsta á landinu, mælt í kg mjólkur/árskú. Tún, engjar og grænfóðurakrar eru um 170 ha.

Rekstur félagsins gekk með ágætum á árinu 2018 og var hann í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins lögðu upp með. Heildartekjur félagsins voru 87.119.351 kr. en gjöld fyrir fjármagnsliði voru 81.019.959 kr. Hagnaður félagsins á árinu eftir fjármagnsliði var 4.992.611 kr. Stjórn leggur til að hagnaður félagsins leggist við eigið fé þess. Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir tekjuafgangi þannig að halda megi áfram að byggja upp eigið fé félagsins, búa í haginn fyrir nauðsynlega endurnýjun á tækjum, búnaði og ræktun, ásamt því að efla fjárhagslegan styrk Hvanneyrarbúsins. Eigið fé félagsins jókst um rúmlega 5 milljónir kr á árinu og nemur það nú 26.555.183 kr. Vegna uppsafnaðs taps fyrri ára greiðir félagið ekki tekjuskatt fyrir árið 2018 en í árslok var uppsafnað tap þess 39.696.637 kr. Frá því að rekstur félagsins var færður í núverandi horf árið 2015 hefur afkoma og eiginfjárstaða þess þróast með jákvæðum hætti, eins og sjá má á myndunum hér að neðan.



Helstu fjárfestingar félagsins á liðnu ári voru nýjar sláttuvélar, bæði fram- og afturvél, frambúnaður á aðal dráttarvél búsins, MF5613. Auk þess var keypt notuð hliðarrakstrarvél.

Eldri vélar voru ýmist seldar eða settar upp í þær nýju. Þá var umtalsverðum fjármunum varið til viðhalds á ræktun og framræslu.

Frá síðasta aðalfundi hafa orðið þau þáttaskil í rekstrinum að uppgjöri við fyrrverandi bústjóra er að fullu lokið. Stjórn leggur áherslu á að nýta það fjárhagslega svigrúm sem myndast við það í þágu áframhaldandi uppbyggingar á aðstöðu og búnaði. Fyrir liggur að nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar á Hvanneyrarfjósinu ef í því á að vera mögulegt að framkvæma einstaklingsfóðrunartilraunir á nautgripum. Þegar er farið að huga að því með hvaða hætti sú endurnýjun skuli gerð. Til að mynda þrengdi einföld rannsókn á fóðrun ungfálfa mjög að núverandi búrekstri. Þá er mjög stór rannsóknakur varðandi umhverfisáhrif nautgriparæktar óþlæggður. Í nýrri skýrslu RML um hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt kemur fram að handbær gögn um launakostnað í mjólkurframleiðslu eru mjög takmörkuð. Með skipulegri og handhægri skráningu vinnutíma starfsmanna Hvanneyrabúsins, væri mögulegt að gera þar nokkra bragarbót á.

Í nýútkominni stefnu Landbúnaðarháskólans 2019-2024 er lögð áhersla á að „ tryggja fyrirmyndar búrekstur sem er leiðandi í sjálfbærni, umhverfisvernd og tækniþróun“. Að mati stjórnar Hvanneyrabúsins er núverandi búrekstur til mikillar fyrirmyndar á flesta mælikvarða. Til að hann verði leiðandi á landsvísu varðandi fyrrnefnd atriði þarf að ráðast í ýmsar framkvæmdir og fjárfestingar; plastnotkun er t.d. hægt að minnka gríðarlega. Öflugri rannsóknir í jarðrækt með bættri aðstöðu og auknum mannafla væru vel til þess fallnar að auka sjálfbærni í fóðuröflun búsins. Nýr mykjutankur hefur stórbætt nýtingu næringarefna í búfjáraburði, svo dæmi séu tekin. Aukin sjálfbærni í orkuöflun búsins er einnig atriði sem vert er að gefa gaum.

Á síðasta aðalfundi félagsins var þess getið í skýrslu stjórnar að horfið hefði verið frá hugmyndum um sameiningu Hvanneyrabúsins og sauðfjársúsins að Hesti. Undanfarið hafa slíkar hugmyndir þó skotið upp kollinum að nýju, þrátt fyrir að stjórn og starfsmenn Hvanneyrabúsins séu alfarið andsnúin slíkum hugmyndum. Sagan sýnir að samrekstur þessara búa, bæði á vegum Grímshaga ehf og skólans sjálfs, gekk ekki vel og er að mati þeirra sem gerst þekkja fullreyndur. Akademískir starfsmenn skólans sem nýta sér búreksturinn hafa einnig lýst miklum efasemdum um sameiningu. Eitt af undirmarkmiðum í framangreindri stefnu skólans við að tryggja skilvirka nýtingu innviða, er að „rekstrareiningar skili jákvæðri afkomu“. Það hefur Hvanneyrabúið ehf gert um nokkurt skeið og til að svo megi áfram verða, leggur stjórn félagsins til að allar hugmyndir um sameiningu við búið að Hesti verði lagðar á hilluna og ekki viðráðar frekar.

Landbúnaðarháskólinn og Hvanneyrabúið gerðu í desember 2018 með sér samkomulag um aukið framlag til þróunar á kennslu og rannsóknaraðstöðu árið 2019. Framlag þetta er 1.800.000 kr og verður það greitt 15. desember 2019. Jafnframt var samið um að endurskoða leigusamning milli félagsins og skólans, auk samninga fastráðinna starfsmanna. Sú endurskoðun er í vinnslu en er ólokið.

Stjórn Hvanneyrabúsins ehf þakkar starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og óskar þeim til hamingju með góðan árangur í búrekstrinum. Stjórn býður nýjan rektor Landbúnaðarháskólans, Ragnheiði Ingu Þórarinsdóttur, jafnframt velkomna til starfa og væntir mikils af samstarfi við hana í þágu félagsins, landbúnaðar og samfélags á Íslandi.

Eyjafirði, 26. ágúst 2019, f.h. stjórnar:
Baldur Helgi Benjamínsson, stjórnarformaður Hvanneyrabúsins ehf.